

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/1999

frá 28. maí 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/1999 frá 30. apríl 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB frá 1. október 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55a (tilskipun ráðsins 93/75/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0074:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB frá 1. október 1998 (Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7.“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner